

Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta-
laus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Guðmundsson á Auðn-
um á að vera sýkn af kærðu hins opinbera í
máli þessu. Allur af málinu í hjerði og
fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr
landssjóði, þar með talin málfutningslaun til
sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum,
cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand.
jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors
þeirra.

Nr. 37/1897:

Hið opinbera
gegn
Bjarna Stefánssyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suduramtinu,
dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á mann-
talsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi,
var staðfest og itrekað bann sýslumannsins í
Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið
7. jan. þ. á. gegn því að hreppsþúar í Vatnsleysu-
strandarhreppi færu út í útlend botnvörpu-veiði-
skip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra
skjöl sín í þeirri ferð að landinu frá útlöndum.
Eptir útkomu banns þessa fór kærði Bjarni bóndi
Stefánsson á Stóru-Vatnsleysu nokkrum sinnum,

þar á meðal 4. júlí þ. á., út í útlend botnvörpuskip; kærði var við 3. eða 4. mann, er hann fór út í botnvörpuskipin, en þau virðast hafa verið að veiðum úti í Faxaflóa, án þess tiltekið sje nákvæmar hvar, eða hvort það hafi verið í landhelgi eður eigi; fjekk kærði hjá skipverjum fisk, sem þeir gáfu honum eða seldu, og flutti hann síðan fiskinn í land. Fyrir þetta var höfðað mál gegn kærða fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og var það dæmt þar 19. júlí þ. á. þannig, að kærði með umgetnum ferðum sínum út í útlend botnvörpuskip var álitinn hafa brotið framannefnt bann »og þau lög, er það byggist á«, svo og hafa orðið sekur í hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og var hann því með dómnum sektadur um 40 kr. til landssjóðs og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk dómfellda.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið og sem staðfest var með áður umgetnu æmtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdóm- arinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminntum ferðum út í útlend botnvörpuskip verður eigi sjeð, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnar- lögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls ó- upplýst er, hvort skipin hafi eigi áður í sömu

ferðinni verið búin að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjeð, hvernig kærði hefur með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekur í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða algjörlega sýknan af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið víta-
laus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Bjarni Stefánsson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málflytningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand jur. Halldórs Bjarnasonar, og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.